

Sókn lögmannsstofa
Jón Jónsson
Kaupvangur 2
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 8. desember 2014
Tilvísun: 201409064 / 5.3

Efni: Svar við bréfi AGC ehf. Framkvæmdir í Helguvík.

Skipulagsstofnun vísar til bréfs umbjóðanda þíns, AGC ehf., til stofnunarinnar dags. 6. nóvember sl.

Í bréfinu er m.a. sagt að verksmiðja AGC ehf. sé fyrirhuguð á lóð nr. 4 sem er 44.467 m² og nefnd Stakksbraut nr. 4 samkvæmt sérstöku lóðarvilyrði Reykjanesbæjar. Í bréfinu er enn fremur vísað til þess að í frummatsskýrslu Thorsil ehf. sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri legu verksmiðju. Á mynd nr. 2.9 á bls. 10 sé gerð grein fyrir að fyrirhuguð lóð Thorsil ehf. nái yfir lóðir nr. 11, 13, 15, 17, 19 og 21 við Berghólsbraut og „lóð nr. 4“ sem er 44.467 m². Þá er í bréfinu vitnað til fundargerðar atvinnu- og hafnarráðs Reykjanesbæjar frá 30. maí 2014 þar sem fjallað er um gerð samninga við Thorsil ehf. vegna kísilvers fyrirtækisins að Berghólsbraut 4. Sú lóð er ekki til samkvæmt núgildandi skipulagsáætlunum.

Í ljósi þess sem er rakið hér að framan telur umbjóðandi þinn að sýnt sé að framkvæmd Thorsil ehf. sé á sama framkvæmdasvæði og fyrirhuguð glýkólverkmiðja AGC ehf. og fjallað var um í álit Skipulagsstofnunar frá 2. mars 2012. Við þessa stöðu geti umbjóðandi þinn ekki unað. Þá heldur umbjóðandi þinn fram að réttarstaða hans markist m.a. af lóðarvilyrði Reykjanesbæjar og álit Skipulagsstofnunar.

Krafa um að Skipulagsstofnun láti af efnislegru umfjöllun um frummatsskýrslu vegna verksmiðju Thorsil ehf.

Í bréfi umbjóðanda þíns er vísað til 8. gr. laga nr. 106/2000 eins og hún hljóðar eftir breytingu á greininni með lögum nr. 49/2014. Umbjóðandi þinn telur að í umræddu ákvæði felist að Skipulagsstofnun þurfi að taka rökstudda afstöðu til þess hvort tillaga framkvæmdaraðila, sem er á sama framkvæmdastað og önnur framkvæmd sem Skipulagsstofnun hefur gefið út álit á, verði tekin til efnislegrar meðferðar eða slíkri meðferð verði framhaldið. Umbjóðandi þinn *krefst þess að Skipulagsstofnun taki afstöðu til þessa.*

Skipulagsstofnun bendir á að hinn 9. júlí sl. tók stofnunin ákvörðun um tillögu að matsáætlun um allt að 110.000 tonna ársframleiðslu Thorsil ehf. á kísli í Helguvík, Reykjanesbæ. Í ljósi þess telur stofnunin eðli málsins samkvæmt ekki tilefni til að taka afstöðu til þess hvort tillagan verði tekin til efnislegrar meðferðar.

Umbjóðandi þinn telur með vísan til 8. gr. laga nr. 106/2000 og meginreglna stjórnýsluréttar að það verði að liggja fyrir á *grundvelli hvaða forsenda/sjónarmiða Skipulagsstofnun hafi tekið matsáætlun Thorsil ehf. til umfjöllunar eða hyggist halda henni áfram.*

Skipulagsstofnun tók við matsáætlun Thorsil ehf. þann 26. maí 2014 á grundvelli þess að hún taldi matsáætlunina uppfylla ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og 13. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun tók framangreinda ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila þann 9. júlí sl. að loknum athugasemdafresti og fengnum umsögnum, m.a. umsögn Reykjanesbæjar sem fer með skipulagsvald á umræddu svæði. Hvorki athugasemdir né umsagnir gáfu tilefni til þess að ekki yrði haldið áfram með mat á umhverfisáhrifum kísilmálmverksmiðju Thorsil ehf.

Með 20. gr. laga nr. 49/2014 sem voru birt 28. maí 2014 í A-deild Stjórnartíðinda var gerð breyting á lögum nr. 106/2000. Við 8. gr. laganna bættist ný málsgrein, 5. mgr., sem hljóðar svo:

„Skipulagsstofnun er ekki skylt að taka til efnislegrar meðferðar tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í þeim tilvikum þegar framkvæmd er fyrirhuguð á sama framkvæmdastað og önnur framkvæmd sem þegar er til efnislegrar meðferðar samkvæmt lögum þessum eða ef fyrir liggur ákvörðun skv. 6. gr. eða álit skv. 11. gr. um framkvæmd á sama framkvæmdastað. Ákvæði þetta á ekki við ef ekki hefur verið gefið út leyfi til framkvæmda fyrir þeirri framkvæmd sem var til efnislegrar meðferðar hjá Skipulagsstofnun innan þriggja ára frá því að tillagan barst Skipulagsstofnun.“

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í framangreindu ákvæði kemur fram að stofnunin sé „ekki skylt“ að taka til efnislegrar meðferðar tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í þeim tilvikum þegar framkvæmd er fyrirhuguð á sama framkvæmdastað og önnur framkvæmd ef fyrir liggur álit skv. 11. gr. um framkvæmd á sama framkvæmdastað. Hin tilvitnuðu orð bera með sér að Skipulagsstofnun er *heimilt* að taka tillögu að matsáætlun til efnislegrar meðferðar þótt framkvæmd sé fyrirhuguð á sama framkvæmdastað og önnur framkvæmd sem álit hefur verið gefið um. Með það í huga fær stofnunin ekki séð að ákvörðun hennar um að taka tillögu Thorsil ehf. að matsáætlun til meðferðar hafi verið í andstöðu við umrætt ákvæði.

Skipulagsstofnun leggur jafnframt áherslu á í ljósi þess hvernig bréf umbjóðanda þíns er úr garði gert að matsáætlunarferlinu er lokið. Frummatsskýrsluferlinu samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 106/2000 er einnig nýlega lokið. Í samræmi við 4. mgr. 10. gr. laganna var skýrslan kynnt opinberlega og var almenningi gefinn kostur á að koma með athugasemdir við skýrsluna til 5. desember.

Í bréfi umbjóðanda þíns kemur fram sú afstaða að álit Skipulagsstofnunar frá 2. mars 2012 sé bindandi stjórnvaldsákvörðun sem ekki hafi verið hnekk. Af því tilefni bendir stofnunin á að hún telur að í álit hennar um mat á umhverfisáhrifum felist ekki bindandi úrlausn um réttindi og skyldur framkvæmdaraðila og því sé álitíð ekki stjórnvaldsákvörðun í merkingu 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Varðandi rökstuðning fyrir þessari afstöðu stofnunarinnar er vísað til kafla 7.1 í ákvörðun hennar frá 23. júní 2014 (Suðvesturlínur) en ákvörðunin er birt á heimasíðu stofnunarinnar undir liðnum „Fréttir.“

Með hliðsjón af framangreindu hyggst Skipulagsstofnun ekki verða við kröfu umbjóðanda þíns um að láta af efnislegri umfjöllun um frummatsskýrslu Thorsil ehf.

Athugasemdir við frummatsskýrslu Thorsil ehf.

Í bréfi umbjóðanda þíns eru gerðar athugasemdir við frummatsskýrsluna. Í samræmi við 5. mgr. 10. gr. laga nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun sent Thorsil ehf. athugasemdirnar. Afstaða fyrirtækisins til athugasemdanna verður tekin í matsskýrslu sem það semur og sendir síðan til stofnunarinnar.

Í bréfinu kemur fram að byggt sé á því að Skipulagsstofnun skuli hafna matsáætluninni. Þar sem matsáætlunarferlinu er nú þegar lokið er hér sennilega átt við frummatsskýrslu. Í 1. mgr. 10. gr. laga

nr. 106/2000 kemur fram að innan tveggja vikna frá því að stofnunin tekur á móti frummatsskýrslu skuli stofnunin meta hvort skýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og sé í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr. Síðan segir svo: „Heimilt er Skipulagsstofnun að hafna því að taka frummatsskýrslu til athugunar í þeim tilvikum þegar hún uppfyllir ekki framangreind skilyrði.“

Ofangreint ákvæði gerir ráð fyrir að Skipulagsstofnun taki afstöðu til þess hvort tilefni sé til að hafna skýrslunni „innan tveggja vikna“ frá því að stofnunin tók á móti henni. Eins og vikið er að hér að framan er frummatsskýrsluferlinu nýlega lokið. Frummatsskýrslan var kynnt opinberlega þar sem almenningi var gefinn kostur á að koma með athugasemdir. Með tilliti til þess sem hér er rakið og í ljósi þess að ekki hvílir samkvæmt ofangreindu ákvæði *skylda* á Skipulagsstofnun að hafna því að taka skýrsluna til athugunar þegar hún uppfyllir ekki framangreind skilyrði, heldur hefur hún aðeins heimild til þess, hyggst stofnunin ekki hafna frummatsskýrslunni.

Í ljósi þess hvernig bréf umbjóðanda þíns er úr garði gert leggur Skipulagsstofnun áherslu á að Reykjanesbær hefur forræðið í skipulagsmálum innan marka sveitarfélagsins. Í samræmi við það ber sveitarfélagið ábyrgð á því að búa þannig um hnútana að verksmiðja umbjóðanda þíns og fyrirhuguð framkvæmd Thorsil ehf. rekist ekki á með þeim hætti að starfsemi þessara fyrirtækja og byggingar, sem tilheyra starfseminni, verði á nákvæmlega sama framkvæmdastað, t.d. með breytingu á skipulagsáætlunum. Í þessu sambandi vekur Skipulagsstofnun athygli á því að í bréfi lögmanns Reykjanesbæjar sem barst stofnuninni 26. nóvember sl. kemur fram að sveitarfélagið hafi boðið umbjóðanda þínum til fundar hafi hann áhuga á að fá lóð í Helguvík.



Rut Kristinsdóttir



Ottó Björgvin Óskarsson

Afrit:

Reykjanesbær

Mannvit (Axel Valur Birgisson)